**keyr·a** *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– við ætlum að keyra til Akureyrar

‡ » aka, fara

**beyg·ja** *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– þú beygir til hægri við gatnamótin

‡

**skrá** *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– ertu búin að skrá þig á námskeiðið?

‡ • skrá (no)

**hrin·da** *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– þú mátt ekki hrinda bróður þínum

‡

**kass·i** *kk. – tími*
[-a, -ar]

– hvað er í kassanum?

‡/kass

**kostnað·ur** *kk. et. – dalur*
[-ar]

– við höldum kostnaðinum í lágmarki

‡ kostnaðr • kosta

**samning·ur** *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– samningurinn tekur gildi um áramótin

‡ samningr • semja

**spýt·a** *kvk. – stofa*
[-u, -ur; [ef.ft.] -na]

– krakkarnir safna spýtum í kofa

‡

**ævintýri** *hk. – hús*
[-s, -]

– amma segir okkur oft ævintýri

‡ ævintýr

**læri** *hk. – hús*
[-s, -]

– það er lambalæri í matinn á sunnudögum

‡ lær

**tjörn** *kvk. – mynd Ö*
[tjarnar, tjarnir]

– tjörnin er frosin

‡ tjǫrn

**þvott·ur** *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– ég þarf að þvo þvott

‡ þváttr • þvo

**föl·ur** *lo. – gulur*
[-, -t; -ari, -astur]

– þú ert svo fölur í dag

‡ fǫlr

**hversdagsleg·ur** *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– þau töluðu um hversdagslega hluti

‡ hverdagsligr • daglegur, dagur

**öflug·ur** *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– það kom öflugur jarðskjálfti í morgun

‡ ǫflugr/öflugr • afl; afla, afli

**stíl·l** *kk. – hestur S*
[-s, -ar]

– við skrifum stíl á föstudaginn

‡